

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 128/1580*  
*komudagur 7.3.2003*

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
hr. Ágúst Geir Ágústsson nefndarritari  
v/ Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

6. mars 2003

*Tilvísun: 2003020058*

## **Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um váttryggingarsamninga og lög um Viðlagatryggingu Íslands, 119. mál þskj. 119.**

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar til Fjármálaeftirlitsins, dags. 13.02. 2003, þar sem óskað er umsagnar um nefnt frumvarp. Einnig er vísað til samtals Fjármálaeftirlitsins og nefndarritara, föstudaginn 28.02. sl., varðandi viðbótarfrest til loka þessarar viku til að skila umsögn.

Fjármálaeftirlitið hefur athugað frumvarpið og skal eftirfarandi getið í því sambandi.

Í athugasemdum frumvarpsins er þess m.a. getið að frumvarpið hafi áður verið flutt á 127. löggjafarþingi en ekki fengist afgreitt og því endurflutt nú. Getið er jarðskjálftanna sem urðu á Suðurlandi í júní 2000 og að í ljós hafi komið að verulegur munur hafi verið á brunabótamati sambærilegra eigna milli svæða eða sveitarfélaga og jafnvel sambærilegra eigna innan sama svæðis. Gildandi brunabótamat sé lögákveðin váttryggingarfjárhæð við upphaf váttryggingarinnar en ekki ákvarðandi "varðandi tjónabótafjárhæð". Þannig geti bótafjárhæð verið lægri en brunabótamat.

Að áliti Fjármálaeftirlitsins er réttarstaða aðila talsvert önnur í dag en hún var árið 2000 vegna breytinga sem átt hafa sér stað á reglum um brunabótamat með tilkomu laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001. Að áliti Fjármálaeftirlitsins gefa umrædd lög og framkvæmd Fasteignamats ríkisins tilefni til að endurskoða megi það frumvarp sem hér liggur fyrir.

### **1) Varðandi 1. gr. og 2. gr. frumvarpsins um breyting á 3. mgr. 37. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 20/1954 og 9. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands nr. 55/1992.**

Samkvæmt lögum um brunatryggingar nr. 48/1994, með síðari breytingum, skal váttryggingarfjárhæð húseignar nema fullu verði eignarinnar eftir virðingu. Fasteignamat ríkisins annast virðingu húseignar samkvæmt matskerfi og verklagsreglum stofnunarinnar. Heiti þeirrar gerðar er brunabótamat, markmið þess er að finna váttryggingarverðmæti húseignarinnar á þeim tíma er virðing fer fram. Skal matið taka til þeirra efnislegu verðmæta húseignarinnar sem eyðilagst geta af eldi og miðast við byggingarkostnað að teknu tilliti til aldurs, slits, viðhalds og ástands eignar að öðru leyti. Matið skal skrá í Landskrá fasteigna þar sem því skal viðhaldið.

Athygli er vakin á nefndum lögum um brunatryggingar og reglugerð um lögboðna brunatryggingu húseigna nr. 809/2000 og lögum um skráningu og mat fasteigna. Samkvæmt

nefndum lögum um skráningu og mat fasteigna skal brunabótamat endurspegla endurbyggingarkostnað efnislegra verðmæta húseignar sem eyðilagst geta í eldi að teknu tilliti til aldurs, slits og ástands. Brunabótamatið er uppfært mánaðarlega í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu. Það breytist einnig árlega skv. þeim breytingum sem orðið hafa á byggingarkostnaði hinna ýmsu tegunda húseigna næstliðið ár að teknu tilliti til útreiknaðra eða áætlaðra afskrifta vegna sama tímabils sbr. reglugerð um lögboðna brunatryggingu húseigna nr. 809/2000.

Að álitum Fjármálaeftirlitsins má ætla að með tilkomu laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 og hins nýja brunabótamats hafi réttarstaða váttryggðra aðila verið færð til betri vegar frá því sem áður var. Ætla má að brunabótamatið geti verið réttmætur grunnur til þess að meta tjón af völdum eldsvoða og eftir atvikum náttúruhamfara.

Til upplýsingar skal þess getið að í ágúst 2001 skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra nefnd til þess m.a. að fara yfir framkvæmd tjónsuppgjöra vegna jarðskjálftanna á Suðurlandi sumarið 2000 og þá verkferla sem Viðlagatrygging Íslands beitti í starfi sínu. Nefndin skilaði ráðherra skýrslu á árinu 2002 sem ber yfirskriftina "Suðurlandsskjálftar júní 2000". Fjármálaeftirlitið átti fulltrúa í nefndinni. Athygli er vakin á skýrslu þessari, í henni er m.a. að finna umfjöllun um verklag við mat á tjónum og uppgjör bóta þ. á m. verklag við tjónaskoðun, meðferð ágreiningsmála, ágreining um viðgerðahæfi húsa, altjón og förgun og beitingu afskrifta. Á bls. 9 fjallar nefndin um beitingu afskrifta og nýtt brunabótamat og fasteignamat Fasteignamats ríkisins sem framkvæmt var hjá þorra landsmanna á árinu 2001. Nefndin getur þess m.a. að í "framkvæmd hafi verið tekið tillit til verðrymnunar vegna aldurs og slits við uppgjör bóta. Er þetta í samræmi við þá meginreglu váttryggingaréttarins er kemur fram í 37. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga, að eingöngu skuli bætt rauntjón. Lög nr. 20/1954 gilda um framkvæmd laga nr. 55/1992 ef ekki er öðruvísi ákveðið í þeim sjálfum, sbr. 25. gr. laga um nr. 55/1992. Beiting afskrifta er því tvímælalaust heimil samkvæmt gildandi lögum. Í samræmi við framangreint verði að teljast hverfandi líkur á því að beita þurfi ákvæðum 37. gr. laga nr. 20/1954 við ákvörðun bóta vegna hamfara, því afskriftir hafa nú verið innleiddar í brunabótamat í öllum tilvikum....."

Fjármálaeftirlitið telur eðlilegt að höfð sé hliðsjón af framangreindu við mat á umræddu frumvarpi, það ástand sem lýst er í athugasemdum frumvarpsins virðist ekki eiga lengur við að öllu leyti. Ef efnahags- og viðskiptanefnd telur rétt að breyta umræddum lögum má nefna til umhugsunar hvort ekki sé rétt að geta fremur brunabótamats en endurstofnverðs. Fjármálaeftirlitið hvetur efnahags- og viðskiptanefnd til að leita afstöðu Fasteignamats ríkisins til þessa atriðis.

## **2) Varðandi 3. gr. um nýja grein sem verði 15. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands þar sem vikið er að upplýsingaskyldu.**

Viðlagatrygging Íslands starfar samkvæmt sérlögum (lög um Viðlagatryggingu Íslands nr. 55/1992). Um starfsemi félagsins gilda einnig t.d. lög um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994. Samkvæmt 15. gr. nefndra laga um Viðlagatryggingu Ísland skal stjórn stofnunarinnar setja reglur um meðferð og afgreiðslu bótamála. Þær reglur hafa ekki verið settar miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar.

Fjármálaeftirlitið tekur undir mikilvægi þess að váttryggður eigi rétt á upplýsingum um réttarstöðu sína í þá veru sem breytingatillagan kveður á um.

Fjármálaeftirlitið minnir á að samkvæmt 3. mgr. 58. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994, skal váttryggingafélag sjá til þess að tjónpolar fái fullnægjandi upplýsingar um

bótarétt sinn og sundurliðun á því hvernig bætur til þeirra eru ákveðnar. Mikilvægt er að váttryggingafélög þ. á m. Viðlagatrygging Íslands, fari eftir þessu ákvæði. Miðað við gildandi reglur á tjonþoli nú þegar rétt á mikilvægum upplýsingum um réttarstöðu sína.

Fjármálaeftirlitið hefur efasemdir um að rétt sé að vísa til ákvæða stjórnsýslulaga og upplýsingalaga á þann veg sem gert er í frumvarpinu. Telja verður að ýmis ákvæði þeirra laga eigi ekki við um Viðlagatryggingu Íslands. Minnt er á að stjórnsýslulög eiga fyrst og fremst við um töku stjórnvaldsákvarðana en telja verður að Viðlagatrygging Íslands taki ekki stjórnvaldsákvarðanir við afgreiðslu tjonamála.


Fjármálaeftirlitið telur mikilvægt að stjórn Viðlagatryggingar Íslands setji reglur um meðferð og afgreiðslu bótamála líkt og kveðið er á um í lögunum. Þar getur stjórnin haft eftir atvikum til hliðsjónar ákvæði stjórnsýslulaga og upplýsingalaga og aukið gagnsæi í verklagi félagsins og gert tjonþolum auðveldara að glöggva sig á réttarstöðu sinni.

Fjármálaeftirlitið vísar og til fyrrnefndrar skýrslu um Suðurlandsjarðskjálfta. Á bls. 10 kemur fram að stjórn Viðlagatryggingar Íslands hafi ekki sett formlegar reglur um meðferð og afgreiðslu bótamála svo sem boðið er í 15. gr. laganna. Nefndin taldi brýnt að hugað verði að setningu slíkra reglna til fyllingar ákvæðum laganna og reglugerðar nr. 83/1993. Fjármálaeftirlitið tekur undir þá afstöðu nefndarinnar.

Fjármálaeftirlitið veitir fyllri upplýsingar um framanritað ef óskað er.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



Páll Gunnar Pálsson



Rúnar Guðmundsson